

Áfengis- og íobaksverslun ríkisins skal semja verðskrá yfir útsöluverð áfengis á veitingastað, sem gestir eiga aðgang að. Skal í verðskránni miðað við það, að endanlegt verð veitinga til neytenda standi ávallt í heilum eða hálfum tug króna, þannig að verðið hækki eða lækki í þá fjárhæð samkvæmt almennum reglum.

Áfengisskammtur skal miðaður við 3 cl. Óheimilt skal að nota önnur mælitæki en þau, sem hlotið hafa löggildingu.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt áfengislögum nr. 82 2. júlí 1969, öðlast gildi 1. ágúst 1976.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 74 22. mars 1976 um breytingu á reglugerð nr. 118 9. september 1954, um sölu og veitingar áfengis.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 26. júlí 1976.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUR

um hreindýraveiðar á Austurlandi 1976.

1. gr.

Heimilt skal að veiða allt að 1115 hreindýr í Múlasýslum og Austur-Skaftafells-sýslu á tímabilinu 1. ágúst til 15. september árið 1976. Þó getur ráðuneytið leyft veiðar á öðrum árstíma, ef sérstakar ástæður mæla með. að höfðu samráði við hreindýraeftirlitsmenn, sem hlut eiga að máli.

2. gr.

Tala þeirra dýra, sem veidd verða samkvæmt 1. gr. skiptist þannig milli eftirgreindra hreppa:

1. Vönnafjarðarhreppur	25 hreindýr
2. Fliótsdalshreppur	125 —
3. Jökuldalshreppur	125 —
4. Fellahreppur	80 —
5. Tunguhreppur	80 —
6. Hlíðarhreppur	30 —
7. Hjaltastaðahreppur	35 —
8. Borgarfjarðarhreppur	20 —
9. Seyðisfjarðarhreppur	15 —
10. Skriðdalshreppur	70 —
11. Vallahreppur	90 —
12. Egilsstaðahreppur	35 —
13. Eiðahreppur	45 —
14. Mjóafjarðarhreppur	15 —
15. Norðfjarðarhreppur	15 —
16. Helgustaðahreppur	20 —
17. Reyðarfjarðarhreppur	35 —
18. Fáskrúðsfjarðarhreppur	15 —
19. Búðahreppur	15 —

20. Stöðvarhreppur	15	—
21. Breiðdalshreppur	50	—
22. Beruneshreppur	35	—
23. Geithellahreppur	35	—
24. Búlandshreppur	15	—
25. Bæjarhreppur	30	—
26. Nesjahreppur	30	—
27. Hafnarhreppur	15	—

1115 hreindýr

3. gr.

Auk þeirra hreindýra, sem skiptast samkvæmt framansögðu, getur ráðuneytið leyft veiði nokkurra dýra í viðbót, ef henta þykir, m. a. handa söfnum, til vísindalegra rannsókna o. fl., og koma þau dýr eigi til skipta. Veiðin fari fram undir eftirliti hreindýraeftirlitsmanns, sbr. 5. gr.

4. gr.

Andvirði felldra hreindýra greiðist í reikning hlutaðeigandi sveitarsjóðs samkvæmt hlutfalli í 2. gr., en hver hreppsnefnd skiptir fénu innan síns svæðis. Skal hreppsnefnd fyrst og fremst láta þá bændur, sem fyrir mestum ágangi verða af hreindýrum á beitilönd sín, njóta arðs af veiðunum, en síðan sveitarsjóð, enda greiði hann þóknun þeim mönnum, sem eru hreindýraeftirlitsmanni til aðstoðar við veiðarnar, sbr. 5. gr. Heimilt er þó, að þeir fái í sinn hlut hreindýraafurðir í stað greiðslu.

Ekki er heimilt að selja veiðileyfi.

5. gr.

Einn hreindýraeftirlitsmaður skal vera í hverjum þeirra hreppa, sem nefndir eru í 2. gr. Skal hann ráðinn af menntamálaráðuneytinu, að fengnum tillögum hlutaðeigandi hreppsnefndar og að höfðu samráði við sýslumann. Ráðuneytið ákveður og greiðir fasta þóknun hans fyrir starfið.

Hreindýraeftirlitsmenn ráðuneytisins framkvæma, ásamt aðstoðarmönnum, sem þeir velja, þá fækkun hreindýra, sem ákveðin er.

Aðalumsjón með hreindýrunum annast sá eftirlitsmaður, sem ráðin er fyrir Fljótsdalshrepp, og hefur hann einnig umsjón með störfum hinna eftirlitsmannanna.

6. gr.

Þeir einir mega annast fækkun hreindýra, sem til þess hafa næga skotfimi og kunnáttu í meðferð skotvopna, að dómi hlutaðeigandi lögreglustjóra. Gætt skal þess, að þeir fullnægi ákvæðum laga um leyfi til að eiga og nota skotvopn, sbr. lög nr. 69/1936 og reglugerð nr. 105/1936. Aðalhreindýraeftirlitsmaður ákveður, hvaða tegund og stærð skotvopns (riffils) skuli nota. Eigi er þó leyfilegt að nota minni stærð riffils en cal. 243.

7. gr.

Hreindýraeftirlitsmenn skulu gæta þess vandlega, að hreindýr séu ekki veidd á þeim slóðum, þar sem þau eru að nema ný lönd og talið er æskilegt, að þau hagnenjist, heldur þar sem ætlunin er að bægja þeim frá.

8. gr.

Hreindýraeftirlitsmenn skulu sjá um, að veidd séu þau dýr, sem minnstur skaði er að fyrir eðlilegan viðgang hjarðarinnar. Þeir skulu senda ráðuneytinu skýrslu um veiðarnar strax að veiðitíma loknum.

9. gr.

Athygli er vakin á, að skv. lögum nr. 30/1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, er óheimilt að hafa hreindýrakjöt til sölu, nema það hafi verið skoðað og metið af dýralækni.

10. gr.

Brot á reglum þessum, sem settar eru skv. lögum nr. 72/1954, um breyting á lögum nr. 28/1940, um friðun hreindýra og eftirlit með þeim, varðar allt að 50 000 kr. sekt.

Reglur þessar öðlast þegar gildi og falla jafnframt úr gildi reglur nr. 295/1975, um hreindýraveiðar á Austurlandi 1975.

Menntamálaráðuneytið, 20. júlí 1976.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius

22. júlí 1976.

Nr. 300.

REGLUGERÐ

fyrir Íþróttahúsið á Akranesi.

1. gr.

Íþróttahúsið er í Akraneskaupstað og ber heitið Íþróttahúsið á Akranesi.

2. gr.

Íþróttahúsið á Akranesi er að hluta til skólamannvirki en að öðru leyti íþróttamannvirki kaupstaðarins.

3. gr.

Íþróttasal íþróttahússins skal nota til leikfimikennslu, íþróttæfinga, íþróttasýninga og íþróttakeppni og annarra nota eftir því sem við verður komið.

4. gr.

Umsjónarmaður hússins skal vera starfsmaður. Hann skal hafa daglegt eftirlit með húsinu og rekstri þess. Hann skal halda dagbók um notkun hússins og mæta á fundum húsnefndar. Störf sín vinnur hann samkvæmt erindisbréfi og fyrir-mælum húsnefndar.

5. gr.

Starfræksla íþróttahússins er á ábyrgð bæjarstjórnar Akraness en er falin fimm manna húsnefnd sem er þannig skipuð:

Þrír kosnir af bæjarstjórn Akraneskaupstaðar, einn skipaður af skólanefnd Akraness og einn skipaður af Íþróttabandalagi Akraness. Varamenn skulu tilnefndir á sama hátt og aðalmenn.

Nefndin skipti sjálf með sér verkum og færi gjörðabók um störf sín. Fundargerðir nefndarinnar skulu lagðar fyrir bæjarstjórn til meðferðar samkv. bæjarmála-samþykkt.

6. gr.

Starfssvið húsnefndar skal vera:

a) að setja reglur um umgengi í húsinu.